

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**697. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 23. maí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar v/hnitsetningar afréttarlanda.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Erindi Skólahreysti-Icefitness ehf.
4. Erindi Söluskálans ehf..

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð um hnitsetningu afréttarlanda. Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við Loftmyndir ehf. um hnitsetningu afréttarlanda. Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
2. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 16. maí s.l.um tímabundna undanþágu frá gassöfnun á urðunarstað Húnaþings vestra að Syðri Kárastöðum. Í bréfinu er óskað eftir að niðurstöður rannsókna á myndun hauggass verði kynntar sem fyrst. Tæknideild falið að svara erindinu.
3. Lögð fram beiðni Skólahreysti-Icefitness ehf. um styrk vegna ársins 2011. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
4. Lagt fram erindi frá Söluskálanum ehf. dags. 19. maí s.l. Í erindinu er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar um lengri opnunartíma dagana 23.-26. júní n.k. v/landsmóts UMFÍ50+. Byggðarráð Húnaþings vestra mælir með því að Söluskálanum ehf. kt. 610706-0530 verði heimilt að hafa lengri opnunartíma dagana 23.-26. júní n.k. með því skilyrði að áfengi verði ekki selt eftir kl. 23:00

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

\_\_\_\_\_  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

\_\_\_\_\_  
Stefán E. Böðvarsson

\_\_\_\_\_  
Elín R. Líndal

\_\_\_\_\_  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Elín Jóna Rósinberg.

\_\_\_\_\_  
Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.